

Ályktanir og áskoranir

Aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands, Egilsstöðum 14. apríl 2012



Dráp á friðuðum fuglum

Að undanfögnu hafa borist fréttir af því að verið sé að skjóta friðlýsta fugla. Þannig fannst nýverið dauður fálki á Mýrum í Hornafirði og voru 7 högl í hræinu. Að skjóta fálka er aldrei mistök. Fjórðungur fálka sem finnast dauðir á Íslandi eru með högl í sér sem væntanlega er aðeins brot af þeim fjölda fálka sem skotnir eru þrátt fyrir algera friðun. Fleiri friðaðar fuglategundir hafa verið skotnar þ.a.m. bjartmáfar, skúmar og ýmsar andategundir sem einnig eru friðaði. Að skjóta friðaða fugla er ekki veiði heldur dráp sem kemur óorði á alla veiðimenn. Reglan hlýtur ávalt að vera sú að skjóta ekkert sem ekki er örugglega greint til tegundar.

Á sama tíma og áhugi á skotveiðum hefur farið vaxandi hefur dregið úr eftirliti þannig að nær ekkert eftirlit er með fuglaveiðum. Gott eftirlit er með veiðum á hreindýrum sem er til fyrirmyndar en lítið eftirlit með ólöglegum veiðum. NAUST leggur til að koma upp kerfi eftirlitsmanna með fuglaveiði sem hafi heimild til að skoða afla og gera upptæk skotvopn finnist friðaðar tegundir í afla. Þá leggur NAUST áherslu á að þeir sem stoppa upp fugla stoppi ekki upp friðaða fugla heldur tilkynni til lögreglu þau hræ sem þeim berast.

Naust skorar á stjórnvöld að efla eftirlit með fuglaveiðum að írskri fyrirmynd og herða viðurlög og sektir við brotum á þeim.

Heiður veiðimanna er að veiði ef ekki verður komið í veg fyrir veiðar á friðuðum fuglum. Naust hvetur því stjórnvöld, sveitafélög, landeigendur, skotveiðifélög, uppstoppa og skotveiðimenn að taka höndum saman um að efla veiðisíðferði og virðingu gagnvart náttúrunni.

Ályktun um eggjatínslu

Á undanfönum árum hefur orðið var við aukna ásókn í fuglaegg á Austurlandi. Svo hart er gengið fram að jafnvel er hreinsað hvert einasta egg úr hreiðrum en ekki virt sú forna hefð að skilja ávalt eftir egg í hreiðri. Hófleg nýting hefur ekki áhrif á fuglastofna en þar sem öll egg eru hreinsuð úr hreiðrum hefur það umtalsverð áhrif og getur jafnvel fælt fugla frá því að verpa aftur á viðkomandi slóðum. NAUST skorar á þá sem til þekkja að uppfræða eggjatínslufólk um alvarleika þess að hreinsa hreiður alfarið.

Úrbætur á skotvopnalögum

Því miður er ljóst að nokkuð er um að menn noti ólögleg vopn til fuglaveiða, hlaðinn miklu fleiri skotum en leyfilegt er. NAUST skorar á stjórnvöld að takmarka strax innflutning á vopnum sem ekki uppfylla löggjöf um veiðar enda ekki ástæða til að heimila innflutning á vopnum sem ekki má nota. Herða þarf eftirlit, viðurlög og sektir með ólöglegum vopnum, þar sem vopnum hefur verið breytt með ólöglegum hætti eftir að þau komast í hendur eigenda. Það eru fáir, ósvífnir einstaklingar sem nota ólögleg vopn til fuglaveiða en atferli þeirra kemur óorði á alla veiðimenn. NAUST hvetur veiðimenn að leita allra ráða til að gera brotamönnum ljóst hverjar afleiðingar gerða þeirra kunna að verða fyrir þá sem ávalt fara að lögum.

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) brýna það fyrir skotveiðimönnum að sýna hofssemi í fuglaveiðum, sýna bráðinni viðhlítandi virðingu sem og umgengni við náttúru okkar allra.

Friðlýsingar

Náttúruverndarsamtök Austurlands hvetja sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs og umhverfisráðuneyti til að ganga hið fyrsta frá friðlýsingu Húseyjar og Úthéraðs. Náttúrufar við Héraðsflóann er einstakt. Friðlýsing með hefðbundnum nytjum er öllum til hagsbóta og fjársjóður fyrir komandi kynslóðir.



Þá fagnar NAUST friðun Tjarnarklukku og tjarnana sem hún byggir en með henni er tilveruréttur skordýra formlega viðurkenndur.



Náttúruvernd og ferðapjónusta

NAUST skorar á ferðapjónustufólk, sveitarfélög og aðra opinbera aðila að hefja strax forvarnarstarf á viðkvæmum stöðum þannig að sífellt vaxandi fjöldi ferðamanna valdi þar ekki óafturkræfum skemmdum. Sérstaklega á þetta við um gróin og votlend svæði.

Velferð hreindýra:

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) hvetja sveitarstjórnir, landeigendur, umráðamenn lands að fylgjast með girðingum og fjarlægja eða lagfæra gamlar girðingar og víraflækjur sem enn liggja á víðavangi og villtum dýrum og búfenaði kann að stafa hættu að. Þá beinir NAUST sömu tilmælum til þeirra verktaka og annarra sem starfa sinna vegna geta skilið eftir víra og annað sem hættu veldur að taka allt slíkt með sér og koma í viðeigandi förgun.

Að undanförunum árum hefur fjöldi hreindýra festst í girðingum, tarfar hafa festst saman á hornum í girðingaflækjum og jafnvel drepist vegna girðinga- eða vírdræsa sem skildar hafa verið eftir á víðavangi. Því miður hafa hreindýrin jafnvel flækst í sömu girðingardræsunum ár eftir ár. Talið er að síðast liðið haust hafi minnst 8 dýr drepist vegna þess að þau flæktust í girðingarefni af einhverju tagi.

Það er von okkar að vel verði brugðist við, girðingar hækkaðar þar sem vandinn hefur verið brýnastur en annars staðar verði hættan fjarlægð úr umhverfinu þannig að sómi sé að.

